

Skógarvörðurinn á Norðurlandi.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1923.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1923.

-----

S k ó g a r h ö g g :

-----

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður	471	hestburðir	
Birgðir f. f. ári	79	"	550 hestb.
Selt áæ árinu	56	"	
Eldiv. skógarvarðar	167	"	
Leyft högg (eldiv.)	244	"	467 "
Fyrirliggjandi 31/12			<u>83 hestb.</u>

Af klyberabogum og klafaefnum hafa þrjú efni til fallið á árinu, og öll verið seld. Af smástaurum hefir ekki fallið til annað en það, sem selt hefir verið jafnóðum og það hefir fallist til.

G r æ ð i r e i t u r :

-----  
Afhent var úr reitnum:

Birki	4.928	stk.
Reynir	347	-
Ribs	9	-
Samt.	<u>5.248</u>	stk.

Ennfremur hafa verið seld rúml. tvö kg. af birkifræi. Af birki standa enn í græðireitnum miklar birgðir ( um 11000 pl. ), hæfar til útplöntunar, en af öðrum tegundum mjög lítið.

Dreifplantað var:

Birki	3.850	stk.
Reynir	570	-
Samt.	<u>4.420</u>	stk.

Ennfremur var sáð nokkru af birkifræi og litlu eunu af reynifræi. Því miður sýndist birkifræið að hafa verið ónýtt, þar sem það alls ekki kom upp í sumar, um reyniviðarfræið er ekki hægt að dæma enn.

Ý m i s l e g t :

\*\*\*-----

Til ehðurbóta á girðingunni hafa verið steyptir 4 hliðstólpar járnþentir, og nokkrir millistólpar. Ekki sést annað en stólpar þeir, sem áður voru steyptir, standi sig ágætlega.

Fræ sást varla á skóginum í haust, og illa þróskað það lítið það var, enda var sólfar mjög lítið í sumar, og eftir að vika var liðin af september, var sífæðlega snjór og kraparigningar.

Ferðir í skógræktareringum hafa ekki verið aðrar en til Akureyrar í vor til að annast um plöntusendingar o. fl. og um skógana í Bárðardal samkvæmt ósk Ungmennafélags þar, sem hefir fengið ofurlítið horn af skóginum á Halldórsstöðum til umráða. Hefir það grisjað þar blett og ætlar að halda því áfram eftir því, sem kringum staður leyfa. Skógur þessi var mjög úr sér genginn fyrir síðustu aldamót, en er nú nokkuð að rétta við, þótt sént gangi, enda er það margt, sem tefur fyrir endurreisn skóganna, þegar þeir eru orðnir mjög úr sér gengnir. Fyrst og fremst er jarðvegurinn orðinn þur og blásinn, skógrinn opinn og skjóllaus, og veður og vindur hefir óhindraðan aðgang, og eru það þá einkum skaraveður, sem stundum gera stórmikinn skaða.

Veturinn 1922-23 var mjög mildur og snjóléttur, einakum var ágætlega góð og blíð tíð í aprilmánuði, svo að jöfú fór að lifna, og sumstaðar sást að birki var byrjað að springa út um sumarmál. Svo kólnaði tíðin úr sumarmáslumum og var afar köld allan máimánuð. Afleiðingin af þessu varð sú, að birkið, sem farið var að lifna um sumarmálin, kól tilfínnanlega, svo að víða í skóginum sáust í sumar tré og runnar, og sumstaðar jafnvel flákar, sem voru kaldir í toppinn og langt niður eftir, svo að margra ára vöxtur hefir eyðilagt. Kal þetta virtist hlutfallslega meira í lélegu skógunum, að minsta kosti sýndist meira bera á því í Bárðardal, en hér í dalnum, þó hér í skógunum metti sjá margar kaldar hríslur í sumar.

virðingarfyllt,

Vöglum 22. jan. 1924.

Stefán Kristjánsson.